

Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði með vísan til laga um: félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og málefni aldraðra nr. 125/1999. Notendur greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf og mat.

Aðstoð við almenn heimilisstörf

Gjald fyrir heimaþjónustu fer eftir lífeyrisgreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins. Aldrei er innheimt fyrir meira en tveggja tíma aðstoð við heimilisstörf vikulega.

Matur

Heimsendur matur	1.336 kr.
Hádegismatur í Ekrinni	1.336 kr.
Kaffi og meðlæti Ekran	728 kr.
Dagdvöl aldraðra með mat	1.313 kr.*

*Skv. reglugerð nr.1245/2016 um dagdvöl aldraðra

Gjaldskrá uppfærist um hver áramót skv. vísitölu neysluverðs.

Innheimta

Reikningar fyrir ofangreinda þjónustu eru sendir notendum mánaðarlega, í upphafi næsta mánaðar eftir að þjónustan er innt af hendi.

Fylgigögn með umsókn

Til að hægt sé að sækja um afslátt af gjaldi fyrir heimaþjónustu þurfa eftirtalin gögn að fylgja með umsókn um heimaþjónustu, *launa- eða bótaseðlar þriggja undangenginna mánaða og afrit af nýjasta skattframtali hverju sinni.*

Árlega er kallað eftir endurnýjun umsókna um niðurfellingu gjalds og tekjuupplýsingum. Kjósi notendur af einhverjum ástæðum að skila ekki inn umsókn og tekjuupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald.

Tekjumörk árið 2021

Við ákvörðun tekjumarka er miðað við framfærsluviðmið TR í janúar ár hvert. Einstaklingar með tekjur undir 333.258,- krónum á mánuði og fólk sem heldur heimili saman, hvort með tekjur undir 266.033,- krónum á mánuði, eiga rétt á niðurfellingu vegna gjalds.

Þeir sem eingöngu hafa tekjur frá TR eiga rétt á niðurfellingu gjalds fyrir ofangreinda þætti félagslegrar heimaþjónustu er varða aðstoð við almenn heimilisstörf jafnvel þótt tekjur þeirra frá TR séu hærri en ofangreind viðmiðum tekjumörk. Notendur sem hafa tekjur allt að 33% umfram framfærsluviðmið TR, greiða þriðjung af fullu gjaldi. Notendur, hverra tekjur eru á bilinu 33% til 66% umfram framfærsluviðmið TR greiða tvo þriðjunga fulls gjalds. Loks greiða þeir sem hafa tekjur sem nema 66% umfram framfærsluviðmið TR fullt gjald skv. gjaldskrá.

Tekjumörk einstaklinga

Neðri mörk	Efri mörk	Gjaldflokkar	Kr/klst
0	333.258	Flokkur 0	0
333.259	399.910	Flokkur I	1050
399.911		Flokkur II	2100

Tekjumörk hjóna og sambýlisfólks

Neðri mörk	Efri mörk	Gjaldflokkar	Kr/klst
0	532.066	Flokkur 0	0
532.067	638.480	Flokkur I	1050
638.481		Flokkur II	2100

Sjá [reglur](#) fyrir frekar upplýsingar.

Málskot

Heimilt er að skjóta ákvörðunum starfsmanna um þjónustuna og gjalddöku til Félagsmálaráðs Hornafjarðar. Skal það gert skriflega og innan fjögurra vikna frá því notanda var kunnugt um ákvörðun starfsmanna.

Ákvörðun félagsmálaráðs má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert skriflega og innan þriggja mánaða frá því notanda var kunnugt um ákvörðun ráðsins.

Starfsmaður velferðarsviðs skal leiðbeina umsækjendum um hvernig skuli skjóta ákvörðunum til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Samþykkt í bæjarstjórn 15. apríl 2021.

Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri